



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Svar skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um börn sem greinast með lesskilningsvanda - R20010302***

Á fundi borgarráðs 23. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hvernig skilum upplýsinga um niðurstöður skoðunar heilsugæslu er háttað til skólanna í Reykjavík um börn sem við skoðun á heilsugæslu greinast í áhættuhópi barna sem munu eiga í erfiðleikum með lestur- og lesskilning. Það er mikilvægt að skólar fái strax þessar upplýsingar, með leyfi foreldra að sjálfsögðu, til að hægt sé að veita börnunum snemmtæka þjónustu. Sé það ekki gert eiga þau á hættu að þróa með sér djúpstæðan vanda í lestri og lesskilningi með tilheyrandi vanlíðan. Eins og allir vita þá er ekki nóg að kunna tæknilega að lesa ef lesskilningur fylgir ekki með. Að þessu þarf sérstaklega að huga að ef í ljós kemur að barn á í vanda með lestur. Þau börn þarf að halda sérstaklega utan um. Spurt er einnig: Spurt er einnig: 1. Fá kennarar tækifæri til að sinna þessum börnum sérstaklega? 2. Fá þessi börn forgang í sérkennslu? 3. Hvernig er árangur mældur? 4. Fá foreldrar verkfæri til þess að styðja við börnin sem metin hafa verið í áhættu af heilsugæslunni á að vera með lesvanda?

**Svar:**

Ekki er vitað til þess að heilsugæsla höfuðborgaarinnar sé í formlegu samstarfi við grunnskóla í Reykjavík varðandi börn sem koma slök út á skimunum sem lagðar eru fyrir þau hjá heilsugæslum. Þær upplýsingar er varðar það koma venjulega frá foreldrum eða frá leikskóla. Til þess að komast að því hvort svo sé þarf að spyrja alla skólastjórnendur í grunnskólum um fyrirkomulag í þeirra skóla. Sama má í raun segja um spurningarnar hér fyrir neðan.

Allir skólar vinna samkvæmt heildaráætlun um skóla án aðgreinangar [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf). Hvernig hver skóli útfærir stuðning við börn með lestrarvanda er mjög mismunandi. Það getur verið frá því að veita sérstakar sérkennslustundir í lestri eða í stuðning inn í bekk. Allt á að vinna í samstarfi við foreldra.

1. Fá kennarar tækifæri til að sinna þessum börnum

Hver skóli á að gera sér áætlun um stuðning við nemendur sem á honum þurfa að halda. Sá stuðningur er mismunandi og horfa skólastjórnendur til stöðu nemandans, nemendahópsins sem hann er í þegar áætlun er gerð. Allir kennarar eiga að ráða við það að veita öllum nemendum sem þeir

kenna stuðning. Hvort allir hafa tækifæri er erfitt að segja án þess að fylgjast með kennslu hjá öllum kennurum í borginni.

2. Fá þessi börn forgang í sérkennslu?

Það má áætla að nemendur með fötlun og þroskahömlun fá helst forgang í sérkennslu. Þó má líka áætla að þegar sérkennsla er skipulögð fái allir nemendur vægi í þeirri skipulagningu. Einnig nemendur með læsisvanda. Þó má benda á að nemendur sem eru í vanda með lestur eða lesskilning þurfa ekki alltaf að fara í sérkennslu út úr bekk til að ná framförum.

3. Hvernig er árangur mældur?

Allar framfarir í lestri og lesskilningi í grunnskólum eru mældar með Lesferli og hliðarprófum hans, með LOGOS lesblinduskimun eða Orðarún sem metur lesskilning. Í þessu námsmati er staða einstaklings skoðuð út frá honum sjálfum og fylgst er með framförum hans og út frá þeim er íhlutun skipulögð.

4. Fá foreldrar verkfæri til þess að styðja við börnin sem metin hafa verið í áhættu af heilsugæslunni á að vera með lesvanda?

Þessari spurningu er erfitt að svara þar sem ekki er alveg ljóst hvernig heilsugæslan skilar af sér slíkum niðurstöðum til foreldra. Þó er bent á að við greiningu á læsisvanda barna á leik- og grunnskólaaldri fá foreldrar alltaf skilafundi þar sem þeim eru veittar ráðleggingar um það hvernig þeir geti stutt barnið sitt. Einnig má finna fjölmörg ráð á vefum eins og lestrarvefurinn.is, hjá lesblindusamtökunum, foreldravef Reykjavíkur, á síðu Miðju máls og læsis og víðar.

Virðingarfyllst



Hælgí Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístudasviðs